

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Öxarfjarðarhéraðs hf., nr. 254/2003.

1. gr.

Samkvæmt orkulögum nr. 58/1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Hitaveitu Öxarfjarðarhéraðs hf., nr. 254/2003, er öðlist gildi við birtingu í Stjórnartíðindum.

2. gr.

4. gr. gjaldskrárinnar breytist og orðist svo:
Hver lítri á mínútu kostar kr. 67.958,52 á ári, án fastagjalds, auðlindaskatts og virðisaukaskatts.
Notendur sem kaupa 4 l/mín, eða minna greiða einnig fastagjald kr. 30.519,72 á ári, auk auðlinda-skatts og virðisaukaskatts.

3. gr.

5. gr. gjaldskrárinnar breytist og orðist svo:
Fyrirtæki sem samið hafa um kaup á heitu vatni samkvæmt rennslismæli greiða kr. 220,63 fyrir rúmmetra vatns auk auðlindaskatts og virðisaukaskatts, en greiða þó að lágmarki samkvæmt samningi um fastan lítrafjölda.

4. gr.

6. gr. gjaldskrárinnar breytist og orðist svo:
Stofngjöld fyrir Hitaveitu Öxarfjarðarhéraðs eru sem hér segir.

a) fyrir lögbýli	kr.	3.323.597
b) fyrir íbúðarhús	kr.	879.749
c) fyrir sumarhús	kr.	620.120
d) fyrir aðra aðila	kr.	220.523 pr. l/mín

Lágmarksinntak er 2,5 l/mín.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 10. desember 2024.

F. h. r.
Magnús Guðmundsson.

Hreinn Hrafnkelsson.